



Fundargerð aðalfundar MS-félags Íslands 2020

Aðalfundur félagsins haldinn þann 14. maí 2020 kl. 17:00 að Sléttuvegi 5.

Fundinn sátu 15 félagsmenn.

Björg Ásta, formaður, hefur fundinn á því að ávarpa þá sem mættir eru með aðstoð fjarfundabúnaðarins Zoom.

Dagskrá:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Björg stingur upp á Berglindi Guðmundsdóttur til að taka við fundarstjórn, einróma samþykkt.

Berglind stingur upp á Helgu Kolbeinsdóttur sem fundarritara, einróma samþykkt og úrskurðaði hún því næst aðalfundinn löglega boðaðan.

b) Skýrsla stjórnar

Berglind framkvæmdastjóri las fyrir fundinn skýrslu stjórnar fyrir starfsárið. Áhersla var lögð á ósýnileg einkenni sem endurspegladist í efni frá félaginu, MS blaðinu, fræðslukortum og könnun. Margvísleg námskeið voru á boðstólum fyrir félagsmenn, námskeið fyrir nýgreinda, maka, minnisnámskeið svo eitthvað sé nefnt. Auk þessa voru birtar ýmsar fróðlegar greinar og pistlar á heimasíðu félagsins. Ýmsir viðburðir voru haldnir á árinu, m.a. sumarhátíð á alþjóðadeginum, jólaball, fyrirlestrar og Hornsófinn var á sínum stað. Norræna ráðið hittist tvisvar á starfsárinu, síðara skiptið á netinu vegna COVID-19. Stjórn félagsins ákvað að ganga í Alþjóðlegt bandalag um síversnun í MS. Aðalfundur Evrópusamtakanna, EMSP fór fram á netinu, en ráðstefnu ársins er frestað fram í nóvember, Alþjóðasamtökin héldu einnig netfund í apríl. Hjá báðum samtökum er í gangi vinna við uppfærslu á gagnagrunni um MS greinda og sjúkdóminn í Evrópu og heimsvísu (Barometer og Atlas of MS).

Fjölmarginir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið, ásamt Öryrkjabandalagi Íslands, Velferðarráði Reykjavíkurborgar og Heilbrigðisráðuneyti. Mynd jólakortsins í ár var eftir Pétur Gaut, svo var gefið út almanak með myndum eftir Eddu Heiðrúnu Backman.

Styrktarsjóður ungra námsmanna veitti styrk til 7 ungmenna á starfsárinu. Niðurgreidd sálfræðipjónusta hefur verið í boði, auk þess sem nýr félagsráðgjafi hóf störf.

COVID-19 hefur haft ýmis áhrif á starf félagsins. Í samkomubanni hefur fjarþjónusta verið veitt gegnum síma og tölvupóst, auk þess sem upplýsingum hefur verið miðlað gegnum heimasíðu og Facebook, en móttaka félagsins lokuð.

Á næsta ári verður áhersla á að þróa áfram þau tilboð sem eru í boði og styðja við starf félagsins og bæta þjónustu við félagsmenn.

c) Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram

Ingveldur Jónsdóttir gjaldkeri stjórnar félagsins lagði fram endurskoðaða ársreikninga félagsins.

Tekjur drógust töluvert saman síðasta starfsár, tvennar ástæður liggja að baki, annars vegar hefur jólakortasala dregist töluvert saman milli ára, hins vegar var ákveðið að færa kvöldsöluna fram yfir áramót sem reyndist farsæl ákvörðun, en tekjur af henni munu skila sér inn á næsta ársreikning.

d) Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum

Það kom spurning um hvers vegna hækkun á félagsgjöldum skilaði sér ekki í hærri tekjum í þeim lið á liðnu starfsári. Berglind framkvæmdastjóri svaraði með því að útskýra að hækkunin tekur gildi á þessu starfsári. Björg Ásta formaður benti á að tekjur væri breytilegar milli ára og benti á það sem innheimtist í janúar og febrúar í fjáröflun mun tryggja að félagið lendi ekki í vandræðum þetta ár. Það má þó gera ráð fyrir að erfiðara verði að sækja styrki til fyrirtækja í ljósi ástandsins í samfélaginu vegna COVID-19. Starfsfólk og stjórn heldur þó vel á spöðunum og megum við vera bjartsýn um framhaldið.

Ársreikningur og starfsskýrsla félagsins fyrir árið 2019 voru einróma samþykkt.

e) Upphæð árgjalds ákveðin

Hækkun sem samþykkt var á síðasta aðalfundi mun koma til framkvæmdar á þessu ári. Það kom ein athugasemd þar sem óskað var eftir lækkun, og því var kosið um hvort gjaldið, 3.000 kr. ætti að haldast óbreytt. Kosningu lauk með meirihluta atkvæða, svo árgjald helst óbreytt.

f) Lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir.

g) Kosning stjórnar, fyrsta og annars varastjórnarmanns

Í framboði sem aðalmenn eru: Berglind Björgúlfsdóttir og Ingveldur Jónsdóttir. Í framboði sem varamaður er: Lára Björk Bender. Allar sitja í stjórn og sækjast eftir endurkjöri. Frekari framboð bárust ekki og teljast þær því réttkjörnar.

Stjórn MS-félags Íslands er því:

Björg Ásta Þórðardóttir, formaður
Alvar Óskarsson
Berglind Björgúlfsdóttir
Ingveldur Jónsdóttir
Ólína Ólafsdóttir

Varamenn:

Lára Björk Bender
Eva Þorfinnsdóttir

h) Kosning tveggja skoðunarmanna

Stjórn leggur til Krístrúnu H. Ingólfsdóttur löggiltan endurskoðanda og Valdimar Leó Friðriksson félagskjörinn skoðunarmann. Samþykkt án athugasemda.

i) Kosning aðalfundafulltrúa og varamanna á aðalfund ÖBÍ skv. lögum ÖBÍ

Aðalmenn: Garðar Sverrisson, Ingveldur Jónsdóttir og Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Varamenn: Björg Ásta Þórðardóttir, Ólína Ólafsdóttir og Ingibjörg Snorradóttir. Engar athugasemdir bárust né frekari framboð og því teljast þau réttkjörin.

j) Kosning nefnda

Í framboði til ritnefndar eru Páll Kristinn Pálsson, ritstjóri, Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir, Dagbjört Anna Gunnarsdóttir, Sigurbjörg Ármannsdóttir, og teljast þau réttkjörin.

Í framboði til viðburðarnefndar eru Berglind Björgúlfsdóttir, Hjördís Ýrr Skúladóttir, Ólína Ólafsdóttir og Þórey Dögg Jónsdóttir og telst nefndin réttkjörin.

Lára Björk Bender, formaður Ungmennaráðs, sagði frá starfsemi ráðsins. Þau ákváðu að taka upp nafnið Félagshópurinn Skellur. Markmið ráðsins er að byggja upp öflugt jafningjastarf innan félagsins. Sem dæmi var stofnaður spjallhópur í gegnum spjallforritið Whatsapp þar sem hafa myndast góðar umræður. Hópurinn hefur hist reglulega á starfsárinu til að gera eitthvað skemmtilegt saman og hefur aðstandendum verið boðið með. Hópurinn stefnir á að hlaupa í Reykjavíkumaraþoninu í ár, líkt og áður, og safna áheitum fyrir félagið og starfsemi hópsins. Lagt er fyrir fundinn að starfsemi hópsins haldist óbreytt og félagsmönnum gefinn kostur á að bætast í ráðið. Berglind framkvæmdastjóri kom á framfæri hrós fyrir starfsemi ungmennaráðsins frá fundarmönnum.

Í framboði til ungmennaráðs eru Roy Hearn, Eva Þorfinnsdóttir, Lára Björk Bender, Halldóra Björk Bergþórsdóttir, Þorgerður Júlía Halldórsdóttir og telst ráðið réttkjörið.

k) Önnur mál

Skilaboð bárust frá fundargestum með þökkum fyrir góðan fund.

Björg Ásta endaði fundinn á að óska nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og þakka stjórn, starfsfólki og sjálfboðaliðum fyrir gott starf á liðnu starfsári og hlakkar til næsta starfsárs.

Fundi slitið kl. 17.56